

Könnun á möguleikum á sameiningu Borgarbyggðar og Skorradalshrepps

Forsendur álits samstarfsnefndar um sameiningu
2. júní 2025

Efnisyfirlit

1. <u>Viðræður um sameiningu</u>	bls. 3
2. <u>Framtíðarsýn</u>	bls. 13
3. <u>Stöðugreining</u>	bls. 21
1. <u>Stjórnskipulag og stjórnsýsla</u>	bls. 22
2. <u>Þjónusta</u>	bls. 27
3. <u>Samfélag</u>	bls. 32
4. <u>Fjárhagur</u>	bls. 39
5. <u>Stuðningur Jöfnunarsjóðs</u>	bls. 48
4. <u>Niðurstöður vinnu á íbúafundum</u>	bls. 53



01

Viðræður um sameiningu

Um verkefnið

Í desember 2023 ákvað meirihluti sveitarstjórnar Borgarbyggðar að hefja könnunarviðræður um mögulega sameiningu. Samið var við KPMG um að leiða verkefnið. Markmið verkefnisins er að draga saman forsendur og gögn sem gera sveitarstjórnnum sveitarfélaganna tveggja kleift að taka ákvörðun um hvort hefja eigi formlegar sameiningarviðræður.

Skipuð var verkefnisstjórn sem lagði til að gengið yrði til formlegra viðræðna skv. 119. gr. sveitarstjórnarlaga. Tillagan byggði á ítarlegri greiningu á stöðu sveitarfélaganna og mati á áhrifum mögulegrar sameiningar. Tillaga verkefnishópsins var samþykkt. Formlegar viðræður hófust í ágúst 2024.



Verkefnisstjórnun

Gerð verkefnisáætlunar, skipulagning funda, samskipti við Jöfnunarsjóð sveitarfélaga, innviðaráðuneyti og aðra hagsmunaaðila í samstarfi við formann verkefnisstjórnar.



Greining og stöðumat

Rýna núverandi stöðu á grundvelli fyrirliggjandi gagna og kortleggja áherslur, áskoranir og tækifæri. Sjónarmið íbúa og annarra hagsmunaaðila er aflað.



Mótun framtíðarsýnar

Áhrif sameiningar á stjórnsýslu, þjónustu og fjárhag metin og dregin upp mynd af kostum og ókostum fyrir íbúa.



Tillaga og ákvörðun

Mótuð tillaga til sveitarstjórna sem taka ákvörðun um það hvort hefja skuli formlegar viðræður.

Samstarfsnefnd um sameiningu



Í ágúst 2024 skipuðu sveitarstjórnir Borgarbyggðar og Skorradalshrepps samstarfsnefnd um sameiningu sveitarfélaganna skv. [119. gr. sveitarstjórnarlaga](#). Samstarfsnefndin hefur það hlutverk að semja álit og tillögu sem lögð verður fyrir íbúa í íbúakosningu.

Áhersla var lögð á:

- að draga upp skýra mynd af valkostum íbúa í sameiningarkosningum
- að íbúar, kjörnir fulltrúar og starfsmenn sveitarfélaganna fengju að koma að vinnunni til að tryggja að tekið sé tillit til allra sjónarmiða við mótun tillögu og framtíðarsýnar.

Samstarfsnefnd kynnir hér með álit sitt og tillögu, sem kosið verður um dagana 5.-20. september n.k.

Samstarfsnefnd:

- Guðveig Eyglóardóttir, formaður, Borgarbyggð
- Ragnhildur Eva Jónsdóttir, Borgarbyggð
- Jón Einarsson, Skorradalshreppi
- Kristín Jónsdóttir, Skorradalshreppi

Lilja B. Ágústsdóttir er starfsmaður samstarfsnefndar.

KPMG sá um verkefnisstjórn og veitti ráðgjöf og aðstoð við greiningar.

Lágmarksíbúafjöldi sveitarfélags



Viðmið um íbúafjölda í sveitarfélögum

- Sveitarstjórnarlög kveða á um það markmið að íbúar í hverju sveitarfélagi verði ekki færri en 1.000.
- Markmiðið er sett fram með áherslu á að fjölmenn sveitarfélög eigi auðveldara með að veita íbúum sínum lögbundna þjónustu en fámenn sveitarfélög.
- Með lögbundinni þjónustu er átt við þjónustupætti á borð við rekstur grunnskóla, félagsþjónustu og þjónustu við fatlað fólk.
- Einnig eru fjölmennari sveitarfélög talin líklegri til að geta staðið undir sjálfbærri starfsemi en fámennari sveitarfélög.

Kröfur til lítilla sveitarfélaga

- Í því skyni að stuðla að 1.000 íbúa markinu var sveitarfélögum með færri en 250 íbúa eftir sveitarstjórnarkosningar 2022 falið að hefja formlegar sameiningarviðræður eða skila álitum til innviðaráðuneytisins um getu sveitarfélagsins til að veita þjónustu og kosti sameiningar við annað eða önnur sveitarfélög.
- Skorradalshreppur skilaði álitum um stöðu sveitarfélaga með undir 250 íbúa 17. maí 2023
- Innviðaráðuneytið gaf umsögn um álitum í september 2023.

Hvers vegna sameiningarviðræður?

Stefna stjórnvalda


Stefna stjórnvalda er að ekkert sveitarfélag verði undir 1.000 íbúum til að tryggja að þau standi undir lögbundinni þjónustu við íbúana.

Vaxandi kröfur til sveitarfélaga

Lögbundnar skyldur sveitarfélaga eru alltaf að aukast, bæði varðandi verkefni og þær formkröfur sem gerðar eru í stjórnsýslu.

Aukin áhersla á sjálfbærni

Stærri sveitarfélög eru talin líklegri til að geta veitt nauðsynlega þjónustu og staðið undir kostnaði við veitingu hennar en minni sveitarfélög.



Kröfur íbúa til þjónustu

Íbúar þekkja betur rétt sinn og gera meiri kröfur en áður. Þeir bera þjónustu síns sveitarfélags saman við þjónustu annarra sveitarfélaga.

Sameiginlegir hagsmunir

Sameiginlegir hagsmunir og góð reynsla af samstarfi sveitarfélaga í byggðasamlögum og öðrum samstarfsverkefnum leiðir oft til þess að sveitarstjórnarfolk skoðar sameiningu.

Erfitt að manna hlutverk

Minnkandi áhugi gerir sveitarstjórnnum erfitt fyrir að manna nefndir og hlutverk fulltrúa sveitarfélagsins í samstarfsnefndum og stjórnnum félaga.


Umboðskeðjan

Sambandið á milli kjósenda, pólitískra fulltrúa og starfsmanna er gjarnan kallað umboðskeðja. Starfsmenn taka umboð sitt frá kjörnum fulltrúum sem aftur taka umboð sitt frá kjósendum.

Þegar sveitarstjórn semur við aðra sveitarstjórn eða felur stjórn byggðasamlags að veita þjónustu felst oftast í því framsal valds til ákvörðunartöku, t.d. um reglur og fjárveitingar. Kjósendur hafa þá ekki bein áhrif á það hver tekur ákvarðanir sem varða þá. Þá er talað um að umboðskeðjan sé rofin.

Að auki er algengt að fulltrúar í stjórn séu færri en aðildarsveitarfélögin og að einhver sveitarfélaganna skipti með sér fulltrúum, sem dregur enn frekar úr áhrifum íbúa.

Myndin sýnir rof í umboðskeðju þar sem sveitarfélag B veitir íbúum sveitarfélags A þjónustu samkvæmt þjónustusamningi.



Sameiningarviðræður – tveir áfangar

Óformlegar sameiningarviðræður



- Ólögbundið ferli.
- Könnunarviðræður.
- Mat á kostum og ókostum mismunandi sameiningarvalkosta.
- Íbúafundir og samráð.
- Möguleiki á stuðningi úr Jöfnunarsjóði.
- Sveitarstjórnir geta hætt þátttöku hvenær sem er.

Lokið

Formlegar sameiningarviðræður



- Lögbundið ferli (119. gr. Sveitarstjórnarlaga).
- Sveitarstjórnir viðkomandi sveitarfélaga skipa samstarfsnefnd sem vinnur að undirbúningnum.
- Mat á kostum og ókostum sameiningar.
- Íbúafundir og samráð.
- Jöfnunarsjóði er skylt að veita framlög.
- Endar með kosningum íbúa um tillöguna.

Tekur 7-12 mánuði fram að kosningum.

Undirbúningur innleiðingar tekur um 7-12 mánuði fram að sveitarstjórnarkosningum.

Sameiningarviðræður skv. 119. gr. sveitarstjórnarlaga



Stöðugreining

Upplýsinga er aflað um starfsemi sveitarfélaganna, skipulag, fjárhag, áætlanir, samstarfsverkefni, lýðfræði, þjónustusvæði og fleira sem gefið getur vísbendingar um það hvað myndi breytast við sameiningu.

Samráð er haft við starfsmenn og íbúa sveitarfélaganna.



Mótun tillögu og álits

Samstarfsnefnd um sameiningu fer yfir þau gögn sem safnað er í stöðugreiningu og dregur upp líklega framtíðarsýn fyrir sameinað sveitarfélag. Sveitarstjórnir taka álit samstarfsnefndar fyrir án atkvæðagreiðslu.




Kynning tillögu og álits

Álit samstarfsnefndar er kynnt fyrir íbúum í aðdraganda kosninga. Kynningin stendur yfir í a.m.k. 20 daga. Haldnir eru kynningarfundir og kynningarefni er birt opinberlega með ýmsum hætti.



Íbúakosning

Kosið verður um sameiningu í september 2025. Kosningin tekur tvær vikur og niðurstaða þeirra er bindandi. Íbúar beggja sveitarfélaga þurfa að samþykkja sameiningu til að af henni verði.



Innleiðing

Ef íbúar samþykkja sameiningu er skipuð undirbúningsstjórn sem undirbýr gildistöku nýs sveitarfélags. Gerð er tillaga að nýrri samþykkt fyrir sveitarfélagið og verklagi við samræmingu reglna, sameiningu fjárhagskerfa o.fl.

Nýtt sveitarfélag tekur til starfa eftir sveitarstjórnarkosningar 2026.

Hvað er búið að gera?

Óformlegar viðræður

Sveitarfélögin áttu í óformlegum viðræðum frá febrúar til júlí 2024. Verkefnishópur á vegum sveitarfélaganna lagði til við sveitarstjórnirnar að ráðist yrði í formlegar viðræður og íbúum gefinn kostur á að kjósa um sameiningu.


Formlegar viðræður hófust í ágúst 2024.



Íbúasamráð

Haldnir hafa verið íbúafundir í sveitarfélögunum tveimur til að kynna verkefnið og leita eftir sjónarmiðum íbúa.

Íbúafundir verða einnig haldnir fyrir kosningar til að kynna álit og framtíðarsýn samstarfsnefndar.



Gagnaöflun og greining

Teknar hafa verið saman upplýsingar um fjárhagsstöðu sveitarfélaganna, skipurit, fyrirkomulag þjónustu, samstarfsverkefni, íbúafjölda, mannfjöldaspá, álagningu skatta og fleira.



Samráð við starfsmenn og kjörna fulltrúa


Haldin var vinnustofa með lykilstarfsmönnum, kjörnum fulltrúum og nefndarfólki til að kortleggja styrkleika, veikleika, ógnanir og tækifæri í starfsemi sveitarfélaganna.



Tímalína



Formlegar viðræður hafa staðið yfir síðan í ágúst 2024. Kosið verður um sameiningu í september. Verði sameiningin samþykkt er skipuð undirbúningsstjórn sem hefur þá sex til sjö mánuði til að undirbúa gildistöku nýs sveitarfélags. Fyrsta sveitarstjórn sameinaðs sveitarfélags yrði þá kosin í maí 2026 og sameinað sveitarfélag tæki til starfa í júní.



02

Framtíðarsýn

Áhrifagreining - samantekt



Stjórnsýsla




Þjónusta



Fjárhagur

	Íbúar Borgarbyggðar	Áhrif íbúa verða óbreytt	Þjónusta breytist líklega lítið eða ekki	Ólíklegt að gjaldskrár breytist.
	Íbúar Skorradals- hrepps	- Umboðskeðja órofin - bein þátttaka í kjöri þeirra sem taka ákvarðanir - Skilvirkari stjórnsýsla - Skipulags- og byggingarmál færast á stærri vettvang	- Aðgangur að þjónustu sem ekki fellur undir þjónustusamning, t.d. líkamsrækt fyrir eldri borgara (Janusarverkefni) - Þjónusta til íbúa verður tryggð.	- Fasteignaskattar myndu líklega lækka. - Sorphirðugjöld myndu líklega hækka. - Útsvar mun líklega hækka.
	Saman	- Fulltrúum í sameiginlegum stjórnun og ráðum mun líklega fækka - Minna flækjustig í stjórnsýslu - Tími starfsmanna nýtist betur í þjónustu frekar en fundahöld í samstarfsverkefnum - Sterkari rödd í hagsmunagæslu fyrir íbúa.	Meira jafnræði þjónustu.	- Jöfnunarframlög gætu lækkað lítillega - Sameiningarframlög 411 m.kr. til lækkunar skulda eða til fjárfestinga - Tekjur af fasteignasköttum gætu lækkað - Kostnaður vegna launa nefnda og sveitarstjórna lækkar. - Minni aðkeypt þjónusta, svo sem vegna skipulags- og byggingafulltrúa - Lægri uppgjörskostnaður (áætlunargerð og ársreikningur)

Framtíðarsýn í fjölskyldumálum



Styrkleikar

- Tenging íbúa í Skorradalshreppi við sveitarstjórn um velferðarmál
- Fagfólk er til staðar
- Skorradalshreppur sé með í uppbyggingu á þjónustu
- Öll skólastig í boði í sameinuðu sveitarfélagi

Veikleikar

- Þjónusta til íbúa í Skorradalshreppi byggir á samningum við Borgarbyggð
- Langar vegalengdir innan svæðisins
- Samgöngur innan þjónustusvæðis geta verið erfiðar
- Almennings-samgöngur á svæðinu

Ógnanir

- Víðfermt svæði
- Aðgengi að þjónustu
- Aðstaða og húsnæði vegna íþróttar og tómstunda
- Stutt að sækja þjónustu og íþróttir á höfuðborgarsvæðið og í nágrenni-sveitarfélög, missum iðkendur af svæðinu.

Tækifæri

- Betri nýting mannauðs
- Allir íbúar svæðisins við sama borð
- Eyða óvissu varðandi þjónustu við íbúa
- Styrkja skóla- og frístundaakstur
- Nýta félagsheimilin á svæðinu betur og að íbúar hafa greiðari aðgang að nýtingu þeirra

Framtíðarsýn um byggðarþróun



Eitt aðalskipulag með skilgreindum svæðum fyrir nýja íbúðabyggð, landbúnaðarland og frístundabyggð. Gott ræktarland er varið í skipulagi.

Sveitarfélagið stendur vel að úrgangsmálum og endurvinnslu, bæði í íbúðarbyggð og á sumarhúsasvæðum.

Góðir innviðir tryggja góðar og öruggar vegasamgöngur, traust og gott ljósleiðarasamband. Hitaveita er komin á í Skorradal.

Öflugt atvinnusvæði og þjónustukjarni á Hvanneyri, þar sem meðal annars er brunavarna- og björgunarmiðstöð.

Aukin uppbygging atvinnu- og íbúðarhúsnæðis til að mæta þörfum ört vaxandi íbúafjölda í heilsársbúsetu í sveitarfélaginu.

Styrkleikar

- Styrk stjórnsýsla.
- Sömu áherslur á öllu svæðinu
- Styrkur hvað varðar hagsmunagæslu
- Búið að ljósleiðara-væða svæðið
- Sömu grunnatvinnu-vegir
- Eitt atvinnusvæði.
- Stefna Borgarbyggð-ar um íbúðarbyggð í dreifbýli
- Hvanneyri sem þjónustukjarni við Skorradal

Veikleikar

- Tengivegir eru víða lélegir
- Ekki vilji til að opna námur í Skorradals-hreppi.
- Skortur á húsnæði fyrir nýja íbúa
- Dulin búseta

Ógnanir

- Skipulag í vinnslu gæti fallið á milli skips og bryggju
- Að missa gáma-svæði í Skorradal
- Skipulagsfulltrúum fækkar
- Störfum hjá sveitar-félaginu fækkar.

Tækifæri

- Endurskoðun aðalskipulags
- Hagræðing í rekstri með eina yfirstjórn
- Aukið bolmagn í samningaviðræðum
- Fjölgun íbúa með bættri þjónustu.
- Aukið lóðaframboð
- Slökkvi- og björgun-armiðstöð við Skorradalvatn.

Framtíðarsýn um rekstur



Sveitarfélagið er nútímalegt, faglega sterkt og vel í stakk búið til að veita framúrskarandi þjónustu við alla íbúa.

Sveitarfélagið er fjárhagslega öflugt með fjölbreytta tekjustofna, með góða getu til að sinna þjónustu, viðhalda og byggja upp innviði.

Sveitarfélagið á vel viðhaldið og hagkvæmt eignasafn sem mætir þörfum og framtíðarsýn.

Sveitarfélagið er eftir-sóknarverður kostur til búsetu og sem vinnustaður. Íbúasamsetning sveitarfélagsins er fjölbreytt og í góðu jafnvægi.

Sveitarfélagið er samkeppnishæft og laðar að sér þjónustumiðað starfsfólk með öflugra fagþekkingu og getu til að sinna starfsemi sveitarfélagsins.

Styrkleikar

- Meira aðlaðandi vinnustaður
- Allir hafa áhrif og rödd við forgangs-röðun framkvæmda
- Geta til að sinna verkefnum innan sveitarfélagsins
- Fjölbreyttara tekjusteymi
- Samræmt þjónustustig
- Öguð stjórnsýsla

Veikleikar

- Aukin fjarlægð frá notendum
- Hefðir og verklag eldra starfsfólks.
- Fjarlægð frá íbúum við útdelingu fjármagns.
- Mismunandi gjaldskrár og álögur
- Einsleitar tekjur
- Hækkun tekna úr jöfnunarsjóði
- Ólík menning
- Ekki eins persónuleg þjónusta

Ógnanir

- Aukinn starfsmannakostnaður
- Kjarasamnnigshækkanir
- Breytingar á gjöldum
- Landfræðileg fjarlægð
- Tímafrekt að sameinast og ná fram samlegðaráhrifum

Tækifæri


- Meiri styrkur til að framkvæma í sameinuð sveitarfélagi
- Aukin sérhæfing
- Aukin stærðarhagkvæmni.
- Betri lánakjör
- Samræming og samlegð
- Aukin geta til að taka við verkefnum

03


Stöðugreining

Stjórnskipulag og stjórnsýsla

Skipurit Borgarbyggðar



Skipurit Skorradalshrepps



Fulltrúar í nefndum, ráðum og stjórnnum




	Nefndir og notendaráð	Stjórnir og undirnefndir	Fulltrúar í samstarfsnefndum o.fl.
Borgarbyggð	Byggðaráð Fjallskilanevnd Borgarbyggðar Velferðarnefnd Borgarbyggðar Fræðslunefnd Borgarbyggðar Skipulags- byggingarnefnd Umhverfis- og landbúnaðarnefnd Yfirkjörstjórn Borgarbyggðar Undirkjörstjórn Borgarneskjördeildar Undirkjörstjórn Kleppjárnsreykjakjördeildar Undirkjörstjórn Lindartungukjördeildar Undirkjörstjórn Þinghamarskjördeildar Ungmennaráð Öldungaráð Fjölmenningarráð	Húsnefnd Brúnar* Húsnefnd Lindartungu Húsnefnd Lyngbrekku Húsnefnd Þinghamars Fjallskilanevnd Álftaneshrepps. Fjallskilanevnd Borgarhrepps, Norðurárdals vestan Norðurár og Stafholtstunga vestan Norðurár. Fjallskilanevnd Hálsasveitar og Reykholtisdals. Fjallskilanevnd Hraunhrepps. Fjallskilanevnd Kolbeinsstaðahrepps. Fjallskilanevnd Lundarreykjadals, Bæjarsveitar og Andakíls. Fjallskilanevnd Norðurárdals sunnan Norðurár, Stafholts- tungna sunnan Norðurár, Þverárhliðar og Hvítársíðu. Sjálfseignarstofnun Arnarvatnsheiðar og Geitlands Húsaværdunarsjóður Borgarbyggðar Stjórn Menningarsjóðs Borgarbyggðar Stjórn fólkvangsins í Einkunnum	Almennavarnarnefnd Borgarfjarðar og Dalabyggðar Heilbrigðisnefnd Vesturlands Fulltrúaráð Eignarhaldsfélags Brunabótafélags Íslands Fulltrúaráð Fjölbrautaskóla Vesturlands Fulltrúaráð Háskólans á Bifröst Stjórn Háskólans á Bifröst Stjórn Brákarhlíðar, dvalarheimilis aldraða. Landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga Stjórn Faxaflóahafna Stjórn Menntaskóla Borgarfjarðar Stjórn Nemendagarða Menntaskóla Borgarfjarðar Stjórn Snorrastofu Ses. Stjórn Þróunarfélags Grundartanga Stjórn Samband Sveitarfélaga á Vesturlandi (SSV)
Skorradalshreppur	Skipulags-, byggingar- og umhverfisnefnd Fjallskilanevnd Skorradalshrepps. Kjörstjórn Skorradalshrepps	Húsnefnd Brúnar*	Landsþing Sambands Íslenskra Sveitarfélaga Almennavarnarnefnd Borgarfjarðar og Dalabyggðar Fulltrúaráð Fjölbrautaskóla Vesturlands Stjórn Brákarhlíðar, dvalarheimilis aldraða. Stjórn Samband Sveitarfélaga á Vesturlandi (SSV) Stjórn Snorrastofu Ses.

* Sameiginlegar nefndir Borgarbyggðar og Skorradalshrepps

Staða lögskyldra áætlana og verkefna hjá sveitarfélögunum

Hér má sjá stöðu lögskyldra áætlana og verkefna hjá sveitarfélögunum, vert er að hafa í huga að listinn er ekki tæmandi en hann gefur ákveðna innsýn í stjórnsýslulega stöðu.



	Borgarbyggð	Skorradalshreppur
Samþykkt um stjórn (í gildi frá)	2022	Vantar
Aðalskipulag (í gildi til)	2022	2022
Húsnæðisáætlun (fyrir árið)	2023	2024
Jafnlaunavottun (í gildi til)	2027	Á ekki við
Loftslagsstefna (í gildi til)	2040	Vantar
Grunnskólastefna (í gildi til)	2020	2020
Leikskólastefna (í gildi til)	2020	2020
Jafnréttisáætlun (í gildi til)	2023	Vantar
Þjónustustefna (í gildi frá)	2024	Vantar
Barnaverndarþjónusta/lágmark*	2024	2024

* Gengið hefur verið frá samningi um Barnaverndarþjónustu Vesturlands sem gert er ráð fyrir að taki til starfa á árinu 2024.

Þjónusta

Þjónustusamningur sveitarfélaganna



Skorradalshreppur og Borgarbyggð hafa gert með sér samning um að Borgarbyggð veiti íbúum Skorradalshrepps flesta þá þjónustu sem sveitarfélaginu ber að veita, auk nokkurra þjónustupátta sem ekki eru lögskyld verkefni. Með samningnum framselur Skorradalshreppur vald til töku ákvarðana til sveitarstjórnar Borgarbyggðar.

Samningurinn nær til eftirtalinna verkefna:

Lögskyld verkefni þar sem Borgarbyggð telst vera leiðandi sveitarfélag:

- a) Málefni grunnskóla, þar á meðal tómstunda- og félagsstarf nemenda sem og frístundaheimili (þó ekki skólaakstur fyrir nemendur úr Skorradalshreppi).
- b) Félagsþjónusta
- c) Barnaverndarþjónusta
- d) Þjónusta við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir
- e) Brunavarnir

Önnur þjónusta sem Borgarbyggð veitir íbúum Skorradalshrepps aðgang að:

- a) Leikskóli
- b) Tónlistarskóli
- c) Byggðasafn og náttúrugripasafn Safnahúss Borgarfjarðar
- d) Tómstundaakstur úr Grunnskóla Borgarfjarðar í Borgarnes
- e) Vinnuskóli Borgarbyggðar
- f) Bókasafn og önnur söfn Borgarbyggðar

Þjónustueiningar Borgarbyggðar



Fræðslumál

Leikskólinn Andabær
Leikskólinn Hnoðraból
Leikskólinn Hraunborg
Leikskólinn Klettaborg
Leikskólinn Ugluklettur
Grunnskóli Borgarfjarðar
Grunnskólinn í Borgarnesi
Frístund Borgarnesi
Frístund Hvanneyri
Frístund Kleppjárnsreykjum
Tónlistarskóli Borgarfjarðar

Félagsmál

Félagsstarf aldraðra
Íbúðir aldraðra
Búseta fyrir fatlað fólk
Dagþjónusta fyrir fatlað fólk
Fjöliðjan Borgarnesi
Fjöliðjan Hæfing
Skammtí mavistun

Tómstundir

Félagsmiðstöðin Óðal
Íþróttamannvirki Varmalandi
Íþróttamiðstöðin
Kleppjárnsreykjum
Íþróttamiðstöðin Borgarnesi

Menningarmál

Félagsheimilið Brún (með
Skorradalshreppi)
Félagsheimilið Brúarás
Félagsheimilið Lindartunga
Félagsheimilið Logaland
Félagsheimilið Lyngbrekka
Félagsheimilið Þinghamar
Félagsheimilið Þverárrétt
Hjálmaklettur

Þjónusta á vegum Skorradalshrepps



Fræðslu- og félagsmál

Skólaakstur

Frístundastyrkir

Frítt fyrir börn, öryrkja og aldraða í sund og tækjasali í Borgarbyggð, í formi niðurgreiðslu frá Skorradalshreppi.

Tæknimál

Skipulagsmál

Byggingareftirlit

Sorphirða

Tæming rotþróa

Snjómokstur

Menningarmál

Félagsheimilið Brún (með Borgarbyggð)

Samstarfsverkefni



Borgarbyggð og Skorradalshreppur

- Fræðslumál
- Frístundamál
- Félagsmál
- Safnamál
- Brunavarnir
- Húsnefnd Brúnar
- Vinnuskóli

Samstarfsverkefni með öðrum svf.

- Almennavarnanefnd Borgarfjarðar og Dala
- Málefni fatlaðs fólks
- Barnavernd
- Fjallskil
- Slökkvilið
- Þróunarfélag Grundartanga

Sveitarfélög á Vesturlandi

- Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi
- Heilbrigðiseftirlit Vesturlands*
- Sóknaráætlun Vesturlands


*ásamt Kjósahreppi

Samfélag


Aldurstré sveitarfélaganna 2025




Skorradalshreppur



Borgarbyggð



Sameinað sveitarfélag



Heimild: Hagstofa Íslands

Íbúapróun og mannfjöldaspá




Íbúum á Vesturlandi hefur fjölgað mikið á síðustu árum. Hér til hliðar má sjá íbúapróun og spá fyrir Borgarbyggð og Skorradalshrepp.

Samkvæmt upplýsingum frá Hagstofu Íslands voru íbúar Borgarbyggðar 4.102 og íbúar Skorradalshrepps 65 þann 1.1.2025.

Mannfjöldaspáin í línuritinu byggist á húsnæðisáætlunum sveitarfélaganna en notast er við söguleg gögn frá Hagstofu Íslands varðandi íbúapróun.

Íbúapróun til 2025 og mannfjöldaspá til 2032



Árið 2024 voru 21,6% íbúa Borgarbyggðar með erlent ríkisfang en 5,8% íbúa Skorradalshrepps. Hlutfallið var 16,6% á landinu öllu.


65 íbúar
Skorradalshreppur


4.102 íbúar
Borgarbyggð

Heimild: Hagstofan til 2025 og spá úr húsnæðisáætlunum sveitarfélaganna 2026-2032

Þéttbýli og dreifbýli

Skorradalshreppur

Í Skorradalshreppi er ekkert þéttbýli. Allir íbúar sveitarfélagsins búa í dreifbýli.

Borgarbyggð


Árið 2024 voru fjórir þéttbýliskjarnar með fleiri en 50 íbúa í Borgarbyggð. Þar bjuggu samtals um 69% íbúa sveitarfélagsins. Um 52% íbúanna búa í Borgarnesi.

Þéttbýliskjarnar í Borgarbyggð 2024	
Þéttbýliskjarni	Íbúar
Borgarnes	2.147
Bifröst	309
Reykholt	84
Hvanneyri	293
	2.833

Sameinað sveitarfélag

Í sameinuðu sveitarfélagi yrði hlutfall í íbúa þéttbýli eilítið lægra en í Borgarbyggð eða um 68%. Hlutfall íbúa í Borgarnesi lækkar lítillega en yrði áfram um 52%.

Heimild: Hagstofan



Lýðfræðilegir veikleikar 2025



Mæling á lýðfræðilegum veikleikum er aðferðafræði sem er byggð á Nordregio Demography vulnerability index. Einkunnin er byggð á 10 mælikvörðum yfir lýðfræðilega veikleika sveitarfélaga t.d. aldursamsetningu, fæðingar- og dánartíðni.

Mælikvarðinn mælir hvort sveitarfélag sé öflugur og sjálf-bær vettvangur lýðræðislegrar starfsemi skv. þings-ályktunartillögu um stefnumótandi áætlun í málefnum sveitarfélaga fyrir árin 2019-2033 og aðgerðaráætlun fyrir árin 2019-2023.

Mælikvarði á lýðfræðilega veikleika er einn af þeim þáttum sem stjórnvöld nota til þess að meta sjálfbærni sveitarfélaga. Stefnan er að sveitarfélög á Íslandi verði öflugar og sjálfbærar staðbundnar stjórnsýslueiningar og verði því meginstoð velferðar íbúanna.

Lýðfræðilegir veikleikar				
		Vesturl.	Borgarbyggð	Skorradalsh.
Fæðingartíðni	<10,5	9,02	9,00	-
Dánartíðni	>8,9	7,56	7,60	15,40
Aðfluttir umfram brottflutta	<0	(0,82)	(0,80)	73,70
Hlutfall 0-14 ára	<17,3%	17,38	17,40	1,50
Hlutfall 15-24 ára	<12,0%	12,58	12,60	18,50
Hlutfall 25-54 ára	<39,1%	38,74	38,70	32,30
Hlutfall 55-64 ára	>12,0%	11,75	11,80	12,30
Hlutfall eldri en 64 ára	>19,5%	19,55	19,60	35,40
Konur - Karlar	<0	47,59	47,60	43,10
Fjöldi kvenna á móti 100 körlum (15-64 ára)	<93	90,22	90,20	86,40
Fjöldi veikleika		6	6	8

Heimild: Byggðastofnun. Lýðfræðilegir veikleikar eru auðkenndir með feitletrun

- Á Vesturlandi eru lýðfræðilegir veikleikar sex
- Lýðfræðilegir veikleikar eru sex hjá Borgarbyggð
- Lýðfræðilegir veikleikar eru átta hjá Skorradalshreppi og því yfir meðaltalinu á Vesturlandi.

Skattskyldar tekjur íbúa 2023




Hlutfall tekjuþega í Borgarbyggð er 76% en um 59% í Skorradalshreppi. Meðaltekjur á íbúa eru um 6,0 m.kr. í Borgarbyggð en um 5,3 m.kr. í Skorradalshreppi. Tekjur hvers tekjuþega eru um 9,0 m.kr. í Skorradalshreppi en 7,9 í Borgarbyggð. Tekjuþegar í Skorradalshreppi eru hlutfallslega færri en í Borgarbyggð en með hærri meðaltekjur.

Atvinnutekjur á íbúa í Borgarbyggð eru um 4,1 m.kr. á hvern íbúa en um 3,6 m.kr. í Skorradalshreppi.

Stærstur hluti atvinnutekna í báðum sveitarfélögum kemur frá störfum í opinberri stjórnsýslu, fræðslustarfsemi, heilbrigðis- og félagsþjónustu eða um 1,3 m.kr. á hvern íbúa í Borgarbyggð og um 1,8 m.kr. í Skorradalshreppi.


Tekjur íbúa í Borgarbyggð og Skorradalshreppi

- Þ.kr. á íbúa



Tekjur íbúa í Borgarbyggð og Skorradalshreppi

- Hlutfallsleg skipting



Heimild: Byggðastofnun

Ríkisstörf í sveitarfélögunum 2014-2023



Samkvæmt gögnum frá Byggðastofnun voru ríkisstörf á svæðinu 272 árið 2023 eða 24 fleiri en árið 2014. Ríkisstörfin eru 5 í Skorradalshreppi en árið 2014 var ekkert starf skráð þar. Ríkisstörfum hefur því fjölgað samanlagt um 29 eða um 11,6%. Á sama tíma fjölgaði ríkisstörfum á landinu um 25%. Ríkisstörfin voru 11% af vinnuafli svæðisins árið 2014 en 11,5% árið 2023.

Íbúar 15-64 ára 1. janúar árið á eftir

	2014	2015	2016	2017	2018	2019	2020	2021	2022	2023	Breyting
Borgarbyggð	2226	2288	2336	2375	2381	2370	2240	2359	2487	2606	380
Skorradalshreppur	34	32	37	35	35	37	37	33	44	34	0
Íbúar	2260	2320	2373	2410	2416	2407	2277	2392	2531	2640	380

Fjöldi ríkisstarfa

	2014	2015	2016	2017	2018	2019	2020	2021	2022	2023	Breyting
Borgarbyggð	248	255	228	222	218	221	224	231	254	272	24
Skorradalshreppur	0	0	0	3	4	4	4	7	7	5	5
Ríkisstörf	248	255	228	225	222	225	228	238	261	277	29

Hlutfall ríkisstarfa af vinnuafli

	2014	2015	2016	2017	2018	2019	2020	2021	2022	2023	Breyting
Borgarbyggð	11,1%	11,1%	9,8%	9,3%	9,2%	9,3%	10,0%	9,8%	10,2%	10,4%	-0,7%
Skorradalshreppur	0,0%	0,0%	0,0%	8,6%	11,4%	10,8%	10,8%	21,2%	15,9%	14,7%	14,7%
Hlutfall ríkisstarfa	11,0%	11,0%	9,6%	9,3%	9,2%	9,3%	10,0%	9,9%	10,3%	10,5%	-0,5%

Heimild: Byggðastofnun

Fjárhagur

Almennt um fjármál sveitarfélaga



Fjárhagsleg viðmið í lögum og reglugerðum:

Jafnvægisregla

„Samanlögð heildarútgjöld til rekstrar vegna A- og B-hluta í reikningsskilum séu á hverju þriggja ára tímabili ekki hærri en sem nemur samanlögðum reglulegum tekjum.“

Skuldaregla

„Heildarskuldir og skuldbindingar A- og B-hluta í reikningsskilum séu ekki hærri en nemur 150% af reglulegum tekjum.“

Fjármál sveitarfélagsins skiptast í A- og B-hluta

- **A-hluti:** starfsemi sem að hluta eða öllu leyti er fjármögnuð með skatttekjum.
- **B-hluti:** fyrirtæki sem eru í eigu sveitarfélagsins og eru rekin sem sjálfstæðar einingar.



Meginregla um ábyrga fjármálastjórnun

Samkvæmt 64. gr. sveitarstjórnarlaga ber sveitarstjórn að sjá til þess að rekstri, fjárfestingum og ráðstöfun eigna og sjóða sé þannig hagað á hverjum tíma að sveitarfélagið muni til framtíðar geta sinnt skyldubundnum verkefnum sínum.

Lágmarksviðmið eftirlitsnefndar sveitarfélaga



Eftirlitsnefnd sveitarfélaga hefur gefið út viðmið um nokkrar fjárhagslegar lykiltölur sveitarfélaga miðað við skuldastöðu sem hlutfall af reglubundnum tekjum (skuldaviðmið).

Ef sveitarfélag nær ekki viðmiðunum er það talin vísbending um að sveitarfélagið eigi í erfiðleikum með að standa undir skuldbindingum sínum.

Lágmarksviðmið Eftirlitsnefndar						
Skuldaviðmið		50%	100%	150%	200%	250%
Framlegð / tekjur		5,0%	10,0%	15,0%	20,0%	25,0%
Rekstrarniðurstaða		>0	>0	>0	>0	>0
Veltufé / tekjur		2,5%	5,0%	7,5%	10,0%	12,5%
Veltufé / afb. lána og skuldbindinga		>1,0	>1,0	>1,0	>1,0	>1,0

Rekstur sveitarfélaganna



Bæði sveitarfélög stóðust viðmið um ábyrga fjármála-stjórnun árið 2024 skv. ársreikningum. Skorradalshreppur stóðst ekki jafnvægisreglu árið 2022 og 2023.

Veltufjármunir Skorradalshrepps duga til að greiða upp skuldir sveitarfélagsins. Skorradalshreppur er því í raun skuldlaus.

Skuldaviðmið Borgarbyggðar er 35% eða 115% undir hámarkinu, sem er 150%.

Ársreikningur 2024

	Skorradalshreppur	Borgarbyggð
Íbúar	65	4.102
Veltufé frá rekstri	20,8%	12%
Skuldaviðmið ¹	-	35%
Skuldahlutfall	25%	77%
Veltufjárlutfall	1,14	1,33
Eiginfjárlutfall	69,8%	53,6%
Rekstarniðurstaða	35.271	439.877
Rekstarniðurstaða á íbúa	543	107
Jafnvægisregla 2024	54.146	1.193.121
Jafnvægisregla á íbúa 2024	833	291
Framlegð sem hlutfall af tekjum	20,9%	10,2%
Starfsmenn	-	393
Stöðugildi	-	319

¹ Skuldaviðmið skv. reglugerð nr. 502/2012, skuldaviðmið er ekki reiknað þegar veltufjármunir eru umfram skuldir.

Skattar og gjöld 2025



- Útsvar er 13,5% í Skorradalshreppi en 14,97% í Borgarbyggð. Mismunurinn er 1,47 prósentustig. Álagning er því um 10,8% hærri í Borgarbyggð. $(14,97/13,5=1,108)$
- Fasteignaskattur A er hærri hjá Skorradalshreppi og nemur 0,40% af heildarfasteignamati en hjá Borgarbyggð er álagningin 0,35%.
- Fasteignaskattur C er 1,39% af fasteignarmati hjá Borgarbyggð en nemur 1,28% hjá Skorradalshreppi.
- Síðasti dálkurinn sýnir það álagningarhlutfall sem þarf til að ná samanlögðum tekjum sveitarfélaganna af útsvari og fasteignaskatti miðað við forsendur ársins 2024.

Gjaldskrá 2025			
	Borgarbyggð	Skorradalshreppur	Sameinað
Útsvar	14,97%	13,50%	14,94%
Fasteignaskattur A (íbúðarhúsnæði) ¹	0,35%	0,4%	0,4%
Fasteignaskattur B (opinberar byggingar) ¹	1,3%	1,3%	1,3%
Fasteignaskattur C (atvinnuhúsnæði) ¹	1,4%	1,3%	1,4%
Lóðarleiga íbúðarhúsnæði ¹	1,5%	1,5%	1,5%
Lóðarleiga atvinnuhúsnæði ¹	2,0%	-	2,0%
Gjald fyrir sorphirðu og –eyðingu (einbýlihus)	kr. 43.513	kr. 28.000	-
Rotþróargjald (10.000 l rotþró)	kr. 19.308	kr. 8.6732	-

¹ Reiknast sem hlutfall af fasteignarmati eignar

² 50% af fullu gjaldi skv. gjaldskrá vegna leiðréttingar á innheimtu.

Útsvar og ráðstöfunartekjur 2025



Skorradalshreppur

13,5%



Borgarbyggð

14,97%

Mismunur

10,8%*

Forsendur

Útsvarsprósenta:

Mánaðarlaun kr. 850.000

Greidd laun á ári

7.081.246

6.943.301

137.945

Staðgreiðsla á ári

2.302.754

2.440.699

Mánaðarlaun kr. 600.000

Greidd laun á ári

5.330.026

5.232.653

97.373

Staðgreiðsla á ári

1.293.974

1.391.347

*Mismunurinn er 1,47 prósentustig sem jafngildir 10,8% af 13,5%.

Fasteignamat 2025




- Viðmiðunareign Byggðastofnunar er einbýlishús sem er 161,1 m² og 476 m³ og stendur á lóð sem er 808 m².
- Fasteignamat er samanlagt verðmat fasteignar og lóðar og er mismunandi eftir matssvæðum. Innan Borgarbyggðar eru fjögur matssvæði íbúðareigna og Skorradalur er sérstakt matssvæði.
- Fasteignarmat viðmiðunareignar á Vesturlandi er að meðaltali 49,7 m.kr.
- Í Skorradalshreppi nemur fasteignamatið 45,6 þar af er húsmat 38,6 m.kr.
- Fasteignamat í Borgarbyggð er á bilinu 30,8 – 64,7 m.kr. Húsmat er á bilinu 27,1 – 56,4 m.kr.

Fasteignamat viðmiðunareignar 2025 (þ.kr.)

	Fasteignamat	Húsmat	Lóðarmat
Borgarnes	64.727	56.383	8.344
Hvanneyri	55.302	46.597	8.705
Bífröst	30.769	27.146	3.623
Borgarbyggð (annað)	49.688	42.729	6.959
Skorradalshreppur	45.600	38.592	7.008

Fasteignamat viðmiðunareignar 2025 (þ.kr.)



Heimild: Byggðastofnun

Samanburður gjalda á lögbýli og sumarhús 2025



- Álagningarhlutfall fasteignaskatts (A) er hærra í Skorradalshreppi en í Borgarbyggð.
- Gjald fyrir tæmingu rotþróar er lægra í Skorradalshreppi en í Borgarbyggð árið 2024 vegna leiðréttingar á innheimtu.
- Gjöld fyrir úrgangslosun eru umtalsvert lægri í Skorradalshreppi en í Borgarbyggð.
- Tekjulágir lífeyrisþegar í Borgarbyggð eiga kost á afslætti eða niðurfellingu fasteignaskatts.

Samanburður fasteignaskatts og -gjalda 2025					
	Tegund	Fasteignamat	Borgarbyggð	Skorradalshreppur	Mismunur
Lögbýli/íbúðarhús	Íbúðarhús	49.750.000	174.125	199.000	24.875
	Íbúðarhúsalóð	10.100.000	35.350	40.400	5.050
	Útihús	17.193.000	60.176	68.772	8.597
	Land	7.510.000	26.285	30.040	3.755
	Rotþró ¹		15.570	5.500	-10.070
	Úrgangslosun ²		99.480	28.000	-71.480
Fasteignamat/álagning		84.553.000	410.986	371.712	-39.274
Sumarhús	Sumarhús	23.430.000	82.005	93.720	11.715
	Sumarhúsalóð	2.620.000	9.170	10.480	1.310
	Rotþró ¹		15.577	5.500	-10.077
	Úrgangslosun		41.500	16.500	-25.000
Fasteignamat/álagning		26.050.000	148.252	126.200	-22.052

¹ Um er að ræða hluta af fullu gjaldi í Skorradalshreppi vegna leiðréttingar á ofinnheimtu.

² Miðað er við býli án búskapar/skepnuhalds í Borgarbyggð.

Afsláttur af fasteignaskatti



Tekjulágir elli- og örorkulífeyrisþegar með lögheimili í Borgarbyggð fá afslátt af fasteignaskatti á íbúðarhúsnæði sem þeir búa í. Afsláttur miðast við tekjur ársins á undan.

Afsláttarflokkarnir eru þrír; 50%, 75% og 100%.

Ekki er veittur afsláttur af fasteignaskatti í Skorradalshreppi.

Afsláttur af fasteignagjöldum í Borgarbyggð	
Tekjur 2025	Afsláttur (%)
Einstaklingar	
< 5.065.000 kr.	100%
5065.001 – 5.864.000 kr.	75%
5.864.001 – 6.654.000 kr.	50%
Hjón/sambýlisfólk	
< 8.375.000 kr.	100%
8.375.001 – 9.364.000 kr.	75%
9.364.001 – 10.464.000 kr.	50%


Framlög Jöfnunarsjóðs

Framlög Jöfnunarsjóðs vegna sameiningarviðræðna



Úthlutun framlaga vegna kostnaðar sem hlýst af vinnu vegna könnunar á hagkvæmni sameiningar, kynningar á sameiningartillögu og framkvæmd atkvæðagreiðslu samkvæmt a-lið 1. gr. reglna nr. 782/2020 um fjárhagslega aðstoð Jöfnunarsjóðssveitarfélaga.

Við mat á því hvað telst vera eðlilegur kostnaður við vinnu vegna undirbúnings sameiningar er tekið mið af eftirfarandi viðmiðunarfjárhæðum:



Jöfnunarsjóður sveitarfélaga hefur samþykkt að Borgarbyggð og Skorradalshreppi verði veitt allt að 25,7 m.kr. vegna viðræðna sveitarfélaganna.

Sameiningarframlög miðað við ársreikninga 2024



Ef sveitarfélögin sameinast greiðir Jöfnunarsjóður sveitarfélaga framlög til viðbótar við þau framlög sem sveitarfélögin njóta í dag vegna sameiningarinnar. Framlögin reiknast á grundvelli niðurstöðu í ársreikning næstliðins árs. Samkvæmt áætlun Jöfnunarsjóðs sem miðast við stöðu sveitarfélaganna samkvæmt ársreikningum ársins 2024 væri um að ræða um 411 m.kr. Framlögin yrðu greidd út á sjö ára tímabili samkvæmt nánara samkomulagi við Jöfnunarsjóð.

	Skýring	Borgarbyggð	Skorradalshreppur	Samtals
Skuldajöfnunarframlag	Til að jafna skuldastöðu sveitarfélaganna, greiða niður skuldir eða draga úr lántöku.	200 m.kr.	0 m.kr.	200 m.kr.
Fast framlag	Til að standa straum af kostnaði við sameininguna sjálfa.	100 m.kr.	100 m.kr.	200 m.kr.
Byggðaframlag	Vegna neikvæðrar íbúapróunar síðustu fimm ár frá sameiningarári.	9 m.kr.	2 m.kr.	11 m.kr.
Samtals		309 m.kr.	102 m.kr.	411 m.kr.

Heimild: Jöfnunarsjóður sveitarfélaga, september 2024

Áætluð breyting á framlögum Jöfnunarsjóðs 2024



Samkvæmt áætlun Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga sem gerð er á grundvelli ársreikninga sveitarfélaganna fyrir árið 2023 myndu útgjaldajöfnunarframlög hækka um 2,5 m.kr. á ári við sameiningu. Hvorugt sveitarfélaganna fær tekjajöfnunarframlög. Unnið er að breytingum á úthlutunarreglum Jöfnunarsjóðs sem skapar ákveðna óvissu (sjá næstu glæru).

Sveitarfélag	Tekjajöfnun	Útgjaldajöfnun	Samtals
Borgarbyggð	0	739.646.292	739.646.292
Skorradalshreppur	0	0	0
Samtals	0	739.646.292	739.646.292
Sameinað sveitarfélag	0	742.180.223	742.180.223
Mismunur	0	2.533.931	2.533.931

Heimild: Jöfnunarsjóður sveitarfélaga

Frumvarp um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga



Nokkurrar óvissu gætir um áhrif sameiningar sveitarfélaga á framlög Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga.

Auk þeirrar óvissu sem jafnan er fyrir hendi varðandi rekstrarniðurstöðu, þróun skuldastöðu og íbúðapróun í hlutaðeigandi sveitarfélögum, liggur fyrir Alþingi frumvarp til laga um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga sem hefði í för með sér umtalsverðar breytingar á úthlutun framlaga.

Samkvæmt áætlun Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga myndu framlög til Borgarbyggðar hækka um 178 m.kr. árlega miðað við forsendur ársins 2023, nái frumvarpið fram að ganga.

Skorradalshreppur er fær ekki framlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga vegna hárri tekna. Það breytist ekki með nýjum úthlutunarreglum.

Sameinað sveitarfélag fengi um 42 m.kr. lægri framlög árlega en Borgarbyggð fengi í nýju úthlutunarkerfi samkvæmt frumvarpi til laga um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga.

Samanburður framlaga skv. tillögum að breytingum á úthlutunarreglum (þ.kr.)

Sveitarfélag	Eftir breytingar	Fyrir breytingar	Mismunur
Borgarbyggð	1.165.085	987.363	177.722
Skorradalshreppur	0	0	0
Framlög samtals	1.165.085	987.363	177.722
Sameinað sveitarfélag	1.123.253	*	
Mismunur	-41.832		

Í nýju úthlutunarkerfi samkvæmt frumvarpi til laga um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga er tekið mið af reiknaðri útgjaldaþörf og hámarkstekjum sveitarfélags, þ.e. mögulegum tekjum ef allir skattstofnar eru nýttir til fulls.

Háar hámarkstekjur Skorradalshrepps valda því að sveitarfélagið fær ekki framlög. Við sameiningu leggjast hámarkstekjur sveitarfélaganna saman og verða hærri en hámarkstekjur Borgarbyggðar og framlög skerðast.

Sameinað sveitarfélag myndi þó halda óskertum framlögum Borgarbyggðar í fjögur ár eftir sameiningu.

06

Niðurstöður vinnu á íbúafundum

Niðurstöður íbúafunda - Borgarbyggð 28.2.2024

Kostir

- Góð og fjölbreytt þjónusta fyrir alla aldurshópa
- Staðsetning, í nálægð við höfuðborgina
- Náttúra
- Atvinnutækifæri

Ókostir

- Viðfeðmt sveitarfélag
- Upplýsingaflæði
- Fjölbreytni atvinnulífs

Mikilvægast að breyta

- Samgöngur milli þéttbýliskjarna
- Bæta innviði sveitarfélagsins
- Fjölbreyttari atvinnutækifæri
- Fjölga íbúum

Mikilvægast að halda í

- Náttúruauðlindir
- Áframhaldandi uppbygging
- Þjónustustigið
- Varðveita náttúruna
- Menning, hefðir og sérkenni

Sjá ítarlegri niðurstöður [hér](#).

Niðurstöður íbúafunda - Skorradalshreppur 28.2.2024



Kostir

- Stutt í alla þjónustu hjá Borgabyggð
- Umhverfi, náttúra og friðsældin
- Fólkið
- Fjarlægð frá höfuðborgarsvæðinu
- Ákvörðunarvald er hjá íbúum

Ókostir

- Skortur á þjónustu fyrir alla aldurshópa íbúa
- Stjórnsýsla
- Fámennt
- Upplýsingaflæði

Mikilvægast að breyta

- Tryggja þjónustu til allra íbúa
- Stjórnsýsla
- Samskipti
- Verða hluti að stærra sveitarfélagi
- Fleiri íbúa í dalinn
- Ótímabundna samninga við Borgarbyggð

Mikilvægast að halda í

- Ákvörðunarvald er hjá íbúum
- Friðsældina
- Þjónustuna sem Borgarbyggð býður uppá
- Snjómokstur
- Stjórn skipulagsmála

Sjá ítarlegri niðurstöður [hér](#).

Íbúafundur í Hjálmakletti 23.2.2025



Tækifæri	Áskoranir	Hvernig á að bregðast við Áskorunum	Hvað má ekki missa	Hvað er mikilvægast
1. Betri skipulags- og byggingamál 2. Hagræði og minni kostnaður 3. Aukið lýðræði og áhrif á þjónustu: 4. Stærra sveitarfélag hefur meiri slagkraft 5. Betri þjónusta og minni flækjur: 6. Tækifæri í aukinni byggðarþróun	1. Minni áhrif í skipulagsmálum 2. Ólík skattheimta 3. Fjárhagsstaða og rekstur 4. Áhyggjur af þjónustu og gæðum 5. Mismunandi hagsmunir og jöfnuður. 6. Lítið lýðræði og ákvarðanatökufærli	1. Aukið upplýsinga-flæði og gegnsæi 2. Aukin þátttaka í ákvarðanatöku 3. Að tryggja þjónustustig, sérstaklega snjómokstur 4. Að vera opin og samræðu 5. Sameining eða ekki?	1. Þjónusta, sérstaklega snjómokstur 2. Áhrif á nærsamfélagið 3. Þekking og nálægð 4. Góðir nágrannar og samfélag 5. Félagslegar venjur og hefðir 6. Gæði annarrar þjónustu	1. Tími fyrir sameiningu. 2. Ábyrgð og þjónusta 3. Kynning og upplýst ákvarðanatöku. 4. Jákvæð nálgun.

